

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um flutning þingstaðar í Aðaldælahreppi.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 6. þ. m., og ósk hreppsnefndar Aðaldælahrepps, Suður-Þingeyjarsýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Hólmavaði að skóla-setrinu Hafralæk, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.

Dómsmálaráðuneytið, 22. maí 1974.

F. h. r.

Baldur Möller.

Dorleifur Pálsson.